



RANGÁRÞING EYSTRÁ

Efni: Umsögn um mál nr. 184/2021 - Drög að reglugerð um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra gagnrýnir þau vinnubrögð sem höfð voru við vinnslu reglugerðarinnar en algert samráðsleysi var við þá vinnu. Ekkert samtal átti sér stað við sveitarstjórn Rangárþings eystra þrátt fyrir að fram komi í 11. gr. laga um landgræðslu nr. 155/2018 að:

„Ráðherra skal setja reglugerð með það að markmiði að tryggja sjálfbæra landnýtingu, sbr. 9. gr., með leiðbeiningum og viðmiðum þar að lútandi sem taki mið af ástandi lands, m.a. varðandi beit búfjár, umferð fólks og ökutækja, framkvæmdir og akuryrkju. Landgræðslan gerir tillögur að slíkum leiðbeiningum og viðmiðum að höfðu samráði við hlutaðeigandi stofnanir, sveitarfélög og hagsmunaaðila eftir því sem við á hverju sinni. Ráðherra birtir opinberlega drög að leiðbeiningum og viðmiðum og skal frestur til að skila athugasemdum vera að lágmarki fjórar vikur.“

Ekkert erindi barst heldur sveitarfélaginu um að drögin væru komin í umsagnarferli og þaðan af síður óskað formlega eftir umsögn um málið. Það geta varla talist ásættanleg vinnubrögð í máli sem þessu sem er þungavigtarplagg og getur haft veruleg áhrif á atvinnumöguleika í sveitarfélagi þar sem landbúnaður er ein stærsta atvinnugreinin.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra bendir á að í efnistökm reglugerðarinnar skortir faglegan grunn að nokkru leiti, auk þess sem faglegri nálgun við matið er mjög ábótavant. Grunnöggn vantar til að framfylgja beitarviðmiðum, eða svokölluð vistgetukort, auk þess sem þróun gróðurfars er ekki metið inn í viðmiðin sem þó hlýtur að vera meginmælikvarði á sjálfbæra þróun um not beutilanda.

Óskýrleiki viðmiða er áberandi, erfitt er að átta sig á hvað eru tilmæli, hvað eru reglur og hvað leiðbeiningar, sem leiðir til þess að afar erfitt er koma auga á hver raunveruleg áhrif reglugerðarinnar verða fyrir atvinnulíf og samfélag.

Ekki er að nokkru leiti lagt mat á kostnað sem af þessu mun leiða en það má augljóslega gera ráð fyrir auknum kostnaði hjá sveitarfélaginu vegna krafna um aukið eftirlit og umsagnir. Ljóst má vera að reglugerð sem þessi mun hafa neikvæð áhrif á fjárhag sveitarfélagsins í því landbúnaðarhéraði sem Rangárþing eystra er. Ef reglugerðardrögin verða samþykkt óbreytt verður landbúnaði verulaga þröngur stakkur sniðinn og við blasir að einhverjir munu þurfa að minnka bústofn sinn og draga saman rekstur. Á sama tíma mun rekstrarkostnaður þeirra aukast vegna reglugerðarinnar, því væntanlega þurfa bændur að bera kostnað af kröfum um landbótaáætlanir og 5 ára lögbundnu eftirlit Landgræðslunnar.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra leggst því alfarið gegn því að reglugerðin verði samþykkt óbreytt og án frekara samráðs við hagsmunaaðila.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Rangárþings eystra
Lilja Einarsdóttir, sveitarstjóri